

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1993

19. febrúar 1993

103

Nr. 68

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

1. gr.

Frá og með 23. febrúar 1993 eru allar veiðar með línu bannaðar á svæði á Húnaflóa, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°16'N – 21°14'V
2. 66°16'N – 21°00'V
3. 66°00'N – 21°00'V
4. 66°00'N – 21°06'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.